



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á hátíðarsamkomu  
í Þórsveri á Þórshöfn  
24. mars 2022**

Ágætu áheyrendur.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég ykkur öllum kærlega fyrir þá gestrisni og góðvild sem við höfum notið í heimsókn okkar hér á Þórshöfn og annars staðar í sveitarfélaginu. Við munum hverfa á brott með góðar minningar í farteskinu, fús til að koma hingað á ný þegar tók eru á.

Bærinn er fallegur. Hann er tiltölulega fámennur og hann er fjarri suðvesturhorninu þar sem flestir íbúar landsins ala nú sinn aldur. Fréttir héðan rata ekki reglulega í fjölmiðla landsins en fyrir í mánuðinum barst harmafregn, andlát barnungrar stúlku eftir skömm veikindi. Hugur okkar er með foreldrum hennar og fjölskyldu, og ykkur öllum hér í byggðarlaginu.

Önnur tíðindi lúta einatt að aflabrögðum og vertíðarhorfum. Áðan nutum við þess að ganga um glæsilegt frystihús Ísfélagsins hér í bæ. Við fræddumst um stöðu útvegsins hér í byggðarlaginu, einnar meginstoðar atvinnulífsins, ásamt landbúnaði, ferðamennsku og þjónustu.

Næg atvinna er nauðsyn í hverju samfélagi. En meira þarf til. Í öflugum samfélagi þarf menntun að vera sinnt svo að vel sé í leikskóla og grunnskóla. Fyrir í dag heimsóttum við þær bækistöðvar ungviðisins á Þórshöfn og í Langesbyggð allri og þökkum aftur fyrir indælar móttökur þar. Ekki getum við haft framhaldsskóla í öllum plássum, því síður háskóla, en fullorðið fólk á hvarvetna að geta aflað sér þekkingar og reynslu í fjarnámi. Hér getur lagning ljóðsleiðara líka skipt sköpum.

Svo þurfa eldri borgarar að geta notið öryggis og atlætis á heimaslóð. Notalegt var að ræða við gesti og gangandi á Nausti hér í nágrenninu. Loks

verður heilbrigðisþjónusta að vera traust. Jónas Egilsson sveitarstjóri komst svo að orði í fréttaviðtali fyrr í þessum mánuði: „Grunnþjónusta ... þarf að vera til staðar og fólkið þarf að vera nokkuð öruggt um það að þessi þjónusta sé hérna til staðar til þess að okkur líði vel.“ Í þessum efnum er alltaf hægt að gera betur, það vita ráðamenn landsins.

Samgöngur verða líka að vera greiðar og öruggar. Íbúar þurfa að geta brugðið sér af bæ hvert sem erindið kann að vera, vegna vinnu, náms eða bara af því að manni dettur það í hug í það sinnið.

Og svo þarf afþreying að vera í boði. Börn og ungmenni þurfa að geta stundað íþróttir og numið listir. Nú nefni ég því eina frétt í viðbót frá Þórshöfn sem barst til okkar landsmanna í byrjun þessarar viku: Tvær átta ára stúlkur stofnuðu leikhús og settu upp sýninguna Emil og Ída í Kattholti, með tveimur vinkonum til viðbótar. Ég veit að áhorfendur kunnu vel að meta þetta frábæra framtak, ekki síst þegar við bætist að aðgangseyrir rennur til bágstaddra í Úkraínu nú um stundir.

Það þurfti einn karl í leikritið, að leika pabba þeirra Emils og Ídu. Eldri íbúum þarf einmitt að standa til boða að stíga á svið með leikfélagi, hefja upp raust í kór, hittast á mannamótum og sinna hreyfingu af hvers kyns tagi innan- eða utandyra. Tæp fjögur ár eru nú frá því að Langanesbyggð tók þátt í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“. Ég veit ekki betur en að það hafi gefið góða raun og heimsókn okkar í dag í íþróttahúsið var hressandi og skemmtileg í alla staði; mikið líf og fjör á þeim slóðum. Ég minnst líka heillastundar sem ég varð vitni að á Akureyri fyrir nokkrum árum: Þar var ég með einn dreng okkar hjóna á knattspyrnumóti og lið Langnesinga náði að fagna sigri í sínum riðli. Við Álftnesingar nutum þess að sjá innilega gleði þeirra – og ekki síður foreldra og forráðamanna.

Ágætu áheyrendur: Hér getur framtíðin verið björt ef rétt er á málum haldið og engin ástæða er til að ætla annað. Fortíðina þekkið þið flest betur en ég. Hún er í mörgu söm og annars staðar á okkar ágæta landi. Kynslóð af kynslóð bjó fólk hér, einatt við kröpp kjör. Eitt þykist ég þó vita jafnvel og sum ykkar. Hér og í grannsveitum bjuggu langafi minn og langamma um skeið, Guðmundur Hjaltason alþýðufræðari og Hólmlfríður Björnsdóttir. Þau gengu í hjónaband árið 1897 og voru sitt fyrsta hjúskaparsumar á Sauðanesi, á heimili séra Arnljóts Ólafssonar og Hólmlfríðar Þorsteinsdóttur. Þar voru þá um 30 manns heimilisfastir. Síðan voru þau á Skeggjastöðum og svo aftur á Sauðanesi. Frá vori og fram á haust vann Guðmundur að sléttun og öðrum jarðabótum en kenndi að vetri til á ýmsum bæjum. „Fólkið gott og vandað og börnin eins,“ segir hann í endurminningum sínum. Aldamótaárið 1900 fluttu þau hjón svo í hús sem Guðmundur reisti hér, Guðmundarhús. Það var með þremur torfveggjum, einum úr timbri og torfpaki. Svo var garður úr grjóti, brunnur og

kálgarður. Þarna hafði Guðmundur skóla í þrjá vetur en ekki gekk það nægilega vel undir lokin og þau hjón fluttu á brott.

Húsið stóð nærri þar sem nú er Vesturvegur 8 hér á Þórshöfn en brann til grunna árið 1931. Þetta er tenging mín við Þórshöfn og Langanesbyggð, og í sjálfu sér merkt sögubrot. Ekki rek ég sögu staðarins og sveitarinnar frekar en við gætum auðvitað byrjað á byrjuninni eins og við þekkjum hana úr Landnámu; landnámi Ketils þistils og Gunnólfs kroppu, Finna og Hróðgeirs hins hvíta og alls þess fólks sem þeim fylgdu en fær ekki rúm í þeirri heimild.

Nú er hafið nýtt landnám, ef svo má segja. Stór hluti íbúa þessa sveitarfélags á rætur utan landsteinanna, einkum í Póllandi. Landslagið er annað hér, veðráttan sömuleiðis. En hugarþel okkar þarf að vera það sama hér og þar og alls staðar: Að taka þeim vel sem vilja auðga samfélagið og leggja sitt af mörkum, öllum sem vilja sýna sjálfum sér og öðrum hvernig hægt er að láta gott af sér leiða. Já, víðsýni og umburðarlyndi, fjölbreytni og frelsi – þessa þætti þurfum við líka í öflugum samfélagi, rétt eins og atvinnu og skóla, heilbrigðisþjónustu og holla afþreyingu.

Ég ítreka þakkir okkar hjóna fyrir þá gestrisni sem við höfum notið hér og óska ykkur öllum alls velfarnaðar.